

Reykjavík, 28. ágúst 2014

GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA Í VESTMANNAEYJUM

INNGANGUR

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum á tímabilinu 19. maí til 9. júlí 2014. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Slökkviliðs Vestmannaeyja, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlitsins.

ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Vinnueftirlitið gerði engar athugasemdir við starfsleyfistillögu en benti á mikilvægi þess að öryggisblöð væru uppfærð og aðgengileg.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerði athugasemd við að orðalagið „tímabundin rekstrarstöðvun“ væri teygjanlegt hugtak og þörf væri á skýrara orðalagi. Umhverfisstofnun sendi í kjölfarið rekstraraðila leiðbeiningar um gerð áætlunar vegna rekstrarstöðvunar þar sem hugtakið er skilgreint. Þá gerði heilbrigðiseftirlitið einnig athugasemd við það að í gr. 1.5 segi að tilkynna skuli eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hafi legið niður í meira en mánuði. Heilbrigðiseftirlitið telji þennan tímaramma of þröngan og leggur til að hann sé víkkaður þar sem starfsemi bræðsla liggja oft niður í lengri tíma.

Umhverfisstofnun telur aftur á móti heppilegt að rekstraraðili upplýsi stofnunina sem oftast um hvort starfsemi liggja niðri eða ekki. Með því móti hefur stofnunin, sem eftirlitsaðili með rekstrinum, betri yfirsýn yfir starfsemina og á hægara með að skipuleggja eftirlit og bregðast við mögulegum kvörtunum sem berast vegna starfseminnar.

Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna og engar athugasemdir bárust frá Slökkviliði Vestmannaeyja.

AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU

- Grein 2.3 var breytt á þá leið að fjallað er um afskurð og aukaafurðir í stað afskurðs og annars fiskúrgangs. Þetta er gert að beiðni rekstraraðila sem lítur á hráefni sitt sem aukaafurð frekar en úrgang. Umhverfisstofnun sá sér aðeins fært að verða við þessum óskum rekstraraðila eftir breytingar á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykktar voru á Alþingi 16. maí 2014.
- Grein 3.2: Hér var bætt inn texta um að TVN skráningar skuli sendar inn eftir hverja vertíð. Þá var einnig bætt við texta um að mæla skuli ryk í útblæstri allra olíubrennara fyrir árslok 2014 en textinn hafði dottið út fyrir mistök.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.